



Reglur um heimgreiðslur

Heimgreiðslur bjóðast forráðamönnum barna á aldrinum 12-24 mánaða sem eru með lögheimili í Norðurþingi enda njóti þeir ekki annarra niðurgreiðslna vegna vistunar barns og eiga gilda umsókn um leikskólapláss.

Heimgreiðslur eru hugsaðar sem úrræði til að brúa bilið frá lokum fæðingarorlofs þar til barni býðst leikskólapláss.

Upphaf heimgreiðslna miðast við næstu mánaðarmót eftir að barn nær 12 mánaða aldri eða næstu mánaðarmót í kjölfar umsóknar ef barn er 13-23 mánaða gamalt.

Heimgreiðslur falla niður ef barn flytur lögheimili sitt í annað sveitarfélag, hefur nám í leikskóla, hafnar vistun eða þegar það nær 24 mánaða aldri.

Mánaðarleg heimgreiðsla er 150.000 krónur og er greidd eftir á. Heimgreiðslurnar eru greiddar sem styrkur og eru framtalskyldar til skatts.

Heimgreiðslur eru greiddar í allt að 11 mánuði en eru ekki greiddar vegna júlímánaðar.

Sótt er um heimgreiðslur í gegnum vefsíðu sveitarfélagsins.

Reglur þessar gilda frá 1. september 2023 – 1. júlí 2024

Samþykkt í fjölskylduráði 4.7. 2023
Staðfest af byggðaráði í umboði sveitarstjórnar 13.7. 2023



Norðurþing

Ketilsbraut 7-9 640 Húsavík Sími: 464-6100 nordurthing@nordurthing.is